

## Yfirþjálfari Knattspyrnufélags ÍA

Laust er til umsóknar starf yfirþjálfara hjá Knattspyrnufélagi ÍA (KFÍA). Um er ræða yfirumsjón með um 500 iðkendum knattspyrnufélagsins, jafnt stelpur sem strákar, sem æfa knattspyrnu við einar bestu aðstæður á landinu. Þjálfarar félagsins eru um 30 talsins og mikil tækifæri fyrir réttan aðila til að taka þátt í að þróa og móta framtíð KFÍA, móta framtíðar starfsumhverfi með góðu samstarfsfólki og taka þátt í öflug starfi á Akranesi. Samhliða starfinu er gert ráð fyrir að viðkomandi þjálfji hjá félaginu.

KFÍA leitar að kraftmiklum leiðtoga til að taka að sér yfirþjálfara starf félagsins. Viðkomandi er ábyrgur fyrir útfærslu á afreks- og uppeldisstefnu félagsins í samstarfi við framkvæmdastjóra og stjórnir félagsins. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

### Starfssvið:

- Yfirumsjón með uppeldisstarfi og afreksþjálfun félagsins, í nánu samstarfi við Uppeldissvið félagsins.
- Yfirumsjón með þjálfun og þjálfurum
- Eftirlit með tekjum og kostnaði við uppeldisstarf félagsins, í samstarfi við framkvæmdastjóra
- Skipulagning á æfingatöflum félagsins, vetur og sumaræfingar
- Taka þátt í að móta og skipuleggja afreksstarfs félagsins
- Skipulagningu og verkaskipting aðstoðarþjálfara
- Skipuleggja foreldrafundi og starf foreldraráða, í samstarfi við framkvæmdarstjóra
- Þjálfun samhliða yfirþjálfarahlutverkinu
- Þátttaka í verkefnum innan félagsins varðandi mót og viðburði á vegum þess.
- Önnur tilfallandi störf út frá skrifstofu félagsins, unnin í samráði við framkvæmdar- og skrifstofustjóra félagsins

Yfirumsjón með þjálfun og þjálfurum félagsins nær til allra flokka á vegum félagsins, ef frá eru taldir meistaraflokkar karla og kvenna. Þetta skal unnið í samráði við framkvæmdarstjóra félagsins og uppeldissvið.

### Menntunar og hæfniskröfur

- UEFA - A þjálfaragráða er skilyrt af KSÍ eða þarf að vera í farvatninu
- Reynsla af þjálfun nauðsynleg
- Góðir skipulags- og stjórnunarhæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í starfi og hæfileiki til að vinna með öðrum
- Drifkraftur og frumkvæði
- Hæfileiki til að tjá sig í rituðu og töluðu máli
- Brennandi áhugi á knattspyrnu
- Jákvæðni og vera tilbúin að takast á við nýjungar

Áhugasamir vinsamlegast sendi inn umsókn og ferilskrá á [sigurdur@kfia.is](mailto:sigurdur@kfia.is) fyrir 31. ágúst 2018. Hægt er að hafa samband við Sigurð Þór Sigursteinsson framkvæmdarstjóra Knattspyrnufélags ÍA í síma 862-6700 eða í gegnum tölvupóst, [sigurdur@kfia.is](mailto:sigurdur@kfia.is) ef frekari upplýsinga er óskað.